

4731196

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/2843  
komudagur 19.5.2008

15.05.08

Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Vopnafjarðarhepps um tillögu til þingsályktunar um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010.**

Samgönguáætlun 2007-2010, var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi 17. mars 2007. Viðauki við hana er hér sér dagsins ljós felur í sér ýmis ánægjuleg skref til flýtingar á nauðsynlegum framkvæmdum í samgöngukerfi landsmanna.

Ljóst er að margir góðir áfangar í samgöngumálum landsmanna nást umfram það sem áður var í viðauka þeim við samgönguáætlun sem hér liggur fyrir. Vopnfirðingar vilja þó koma eftirfarandi á framfæri varðandi jarðgangamál.

#### 1) Jarðgöng.


Vopnafjarðarhreppur telur fullkomlega óásættanlegt að engar beinar fjárveitingar séu settar til rannsókna og undirbúnings á jarðgöngum milli Vopnafjarðar og Héraðs til samræmis við samþykktir aðalfunda landshlutasamtaka SSA um þessi mál allan síðasta áratug.

Slíkar fjárveitingar hafa gífurlega þýðingu fyrir tiltrú fólks um góðar og öruggar samgöngur milli svæða í framtíðinni, sem er grundvöllur fyrir því að byggðapróun- og samvinna svæðanna geti dafnað með eðlilegum hætti. *Lögð er á það áhersla að slíkar fjárveitingar verði sérmerktar á áætlunartímabilinu.*

*Um framkvæmd þessa hafa verið gerðar að minnsta kosti 3 skýrslur, sem allar lýsa mikilvægi ganga milli þessara svæða. Í skýrslu sem unnin var fyrir Vopnafjörð um þessi mál árið 2003, kemur fram að leiðin milli Vopnafjarðar og Héraðs stýttist um 51 km. miðað við þjóðveg 1 og að samskipti Héraðsbúa og Vopnfirðinga myndu aukast um líðlega 60 %. Á þessu sést hversu mikla grundvallarþýðingu göngin hefðu fyrir svæðin sitt hvoru megin Smjörvatnsheiðar. Byggðastofnun hefur og ályktað um það að göng milli Vopnafjarðar og Héraðs séu eina örugga aðgerðin til þess að tryggja vetrarsamgöngur milli þessara svæða.*

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum.

  
Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri

VOPNAFJARÐAR  
HREPPUR



HAMRAHLÍÐ 15  
690 VOPNAFJÖRDUR  
SÍMI 473 1300  
MYNDSENDIR 473 1196